



## Minnisblað

Móttakandi: Öll sveitarfélög

Dags.: 1. febrúar 2022

Sendandi: Samband Íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2111020SA

Málalykill: 02.31

**Efni: Umdæmisráð barnaverndar**

### Hlutverk og skipan

Umdæmisráð barnaverndar eru ný ráð sem komu inn með breytingum á barnaverndarlögum. Gert er ráð fyrir að ráðin taki til starfa 28. maí 2022. Að baki hverju umdæmisráði skulu vera a.m.k. 6000 íbúar. Ekki er hægt að fá undanþágu frá því lágmarki.

Umdæmisráðin úrskurða um tilteknar íþyngjandi ákvarðanir sem barnaverndarþjónusta tekur:

- Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
- Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
- Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
- Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
- Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þeir skulu að öðru leyti hafa næga þekkingu og færni til að geta sinnt starfi ráðsmanns. Ráðsmenn þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs og getur sami einstaklingur setið í fleiri en einu umdæmisráði. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.

## Tölfræði

Umdæmisráð úrskurðir			
	fjöldi 2020	fjöldi mála pr. viku	fjöldi mála pr. mánuð
Vesturland	16	0,3	1,3
Vestfirðir	4	0,08	0,3
Norðurland vestra	2	0,04	0,3
Norðurland eystra	6	0,11	0,5
Austurland	3	0,06	0,25
Suðurland	12	0,23	1
Suðurnes	12	0,23	1
Samtals	55	1,05	4,65
Reykjavík	70	1,35	5,83
Höfuðborgarsvæðið	46	0,88	3,83

Taflan hér að ofan sýnir fjölda úrskurða sem kveðnir voru upp á árinu 2020 eftir landshlutum. Að meðaltali eru kveðnir upp 2,69 úrskurðir pr. viku á landsvísu. Meðaltal fjölda úrskurða sem kveðnir eru upp mánaðarlega á landsvísu eru 11,75.

Ákvarðanir sem sveitarfélög þurfa að taka

Sveitarfélög þurfa að taka ákvörðun um hvaða sveitarfélög ætli að sameinast um umdæmisráð. Því fleiri úrskurði sem umdæmisráð kveður upp því betri fagþekking verður í ráðinu. Einnig er líklega hægt að ná fram hagræðingu ef fleiri sveitarfélög sameinast um umdæmisráð.

Þau sveitarfélög sem sameinast um umdæmisráð gera samning sína á milli um ráðið. Um er að ræða sérstakan samning sem lýtur ekki almennum reglum sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga. Samningurinn þarf að lágmarki að taka á eftirfarandi:

*Hvernig sveitarfélög standa að skipan ráðsmanna og hvernig þeim er veitt lausn og hvernig nýir eru skipaðir. Í samningnum geta komið fram nöfn ráðsmanna og varamanna, sem sveitarfélögin hafa komið sér saman um en einnig er hægt að tilgreina aðferð við skipun, t.d. skv. tilnefningu valnefndar sem hefur það verkefni að ákveða skipun ráðsmanna og tilgreind aðferð við þá skipun.*

*Þóknun ráðsmanna. Þóknun ráðsmanna má útfæra með mismunandi hætti og ræðst af umfangi ráðsins. Ef ráðið er mjög stórt er hægt að skoða hvort að það réttlæti að t.d. formaður sé í fullu starfi og taki laun samkvæmt því. Þá þekkist t.d. hjá úrskurðarnefndum ríkisins að ef nefndir funda reglulega fái nefndarmenn hlutfall af föstum mánaðarlaunum. Einnig þekkist að greiða fasta þóknun fyrir hvern fund eða hverja fundarklukkustund. Hjá ríkinu er ekki óalgennt að greitt sé*

á bilinu 7.500-9.000 kr. fyrir fundartíma en að formaður fái 50-100% hærri þóknun en aðrir ráðsmenn.

*Hvernig sveitarfélög skipta kostnaði við rekstur ráðsins á milli sín. Hægt er t.d. að miða við íbúafjölda, að öll sveitarfélög greiði grunnkostnað og svo pr. mál eða að sveitarfélög greiði alfarið fyrir sín mál. Hvar ráðið hefur aðstöðu. Útfærslan ræðst af stærð ráðsins. Ef það nær yfir víðfeðmt svæði getur það t.d. þurft að hafa aðgang að aðstöðu hjá fleiri en einu sveitarfélagi. Þá þarf að taka ákvörðun um hvort að ráðið geti fundað rafrænt og hvar það hafi aðgang að öruggum búnaði til slíkra funda. Mikilvægt að hafa í huga að skjöl umdæmisráðsins eru eign viðkomandi sveitarfélags sem er með mál fyrir ráðinu og vistast í skjalakerfi þeirra. Umdæmisráðið þarf því ekki sérstakt skjalakerfi.*

MIK, VRE.